lesbók munins

3.árg. dezemberhefti *anno 1986*

Lesbók Munins 2. tbl. 3. árg. 1986

Aðalritstjóri: Ármann Kr. Ólafsson 4.F
Ritstjóri: Þórarinn Torfason 4.F
Annarritstjóri: Róbert Gunnarsson 4.F
Útlit: Pétur Örn 4.My
Ábyrgð: Þórarinn Torfason
Prófarkalestur: Við og þið
Vél: Message 860 St
Aðstoð: Bjarnheiður Jóhannsdóttir 4.T
Útgefandi: Útgáfufélag Munins
Prentun: Hlynur Jónasson, Ytraberg

Ritstjórnarpistill

Lesið!

Höfundar	Efni	bls.
Á.G.	Gleði	13
Bruni	án nafns	10
-	Skólaskáldin	39
ErrKá	Afleiðing af sjálfsmorðspælingum	11
-	Tindátar	26
Garmur	Heimsókn	38
Gvendur smali	Skriftir	18
-	Von	29
Halli Dean	Einmana punktur	4
Kristín Ósk Hlynsd.	án nafns	8
-	Í klefa	35
Lokbrá	án nafns	19
-	án nafns	22
-	Í myrkrinu	15
Lokrekkja	án nafns	30
-	Samleikur	37
-	Stakar stökur	16
Sara	Í líffræðitíma	14
-	Líf og...	36
-	Sorg	36
-	24.des?	14
Vísna & gleðimannafylkingin	Dramb	31
Vog '86	Við húsið	9
Þórarinn Torfason	Í fjöru	20
-	Líf	17
-	Þrá mín	28
Þorsteinn Siglaugss.	Hundur, kona eða hundkona?	24
Örn L. Arnarson	Augnakaka	7

EINMANA PUNKTUR

Það suðaði í tækinu inni í stofunni. Hún vissi að fjallgarðarnir á línuritinu voru óreglulegir. Ekki jafnir og reglulegir eins og hún óskaði.

Spítalalyktin var kæfandi. Hér á gjörgæslu var hún jafnvel sterkari en annarsstaðar á spítalanum. Og svo voru hér bara tæki. Engin sól, engin birta og engin hlýja komst hingað niður.

Hún hafði setið við hliðina á rúminu og horft á máttvana og meðvitundarlausan líkama dóttur sinnar. Síðan höfðu þeir beðið hana að bíða frammi hjá hjúkrunarkonunni. Nú sat hún fyrir utan stofuna og beið. Og hlustaði á tækið.

Auður var einkabarn hennar. Aðeins átta ára. Hún hafði misst hann í slysinu þegar Auður var á öðru ári. Þá höfðu þeir sagt henni að hún gæti ekki eignast fleiri börn. Og nú lá hún þarna inni. Af hverju?

Þeim hafði liðið vel saman þó þær væru bara tvær. Auður hafði gefið lífi hennar gildi eftir að hann dó. Dóttir hennar var henni allt. Og nú sat hún og beið eftir dóminum. Hver var dómurinn? Hver dæmdi?

Þögnin. Langir gangar. Hvítir veggir. Kaldi staður. Kalda líf.

Breytingin í tækinu var greinileg. Hún stökk inn og starði í nokkrar sekúndur til skiptis á líkama dóttur sinnar, hvíta sloppana og línuritið áður en þeir leiddu hana út.

Á línuritinu lagði einmana punktur upp í eina ferðina enn þvert yfir skerminn.

Engill dauðans.



Einmana punktur

Suðandi lífsjónvarp í sólarlausri stofu.
Fjallgarðarnir óreglulegir. Kæfandi
spítalalykt. Hvítir veggir. Tækjaheimur.
Móðir situr hjá máttlausu einbirni.
Hvítir sloppar skipa henni út

Bið. Minningar og þögn.

Lífsgildi líður á brott í líki einmana punktar,
þvert yfir skerminn.

Augnakaka

Ljóð þetta er 11 ára gamalt og birtist hér samkvæmt leyfi höfundar og útgefanda:

Hann hafði ógurlegar
augnabrýr
hrein og sterk
stungin augu
tók um axlir mínar
þær urðu tekatlar
hann sagði eggjakaka

Kristín Ósk Hlynsdóttir

Hvítir hattar hugsa
um undarlegar uglur
sem ygla sig yndislega
og brosa svo bjart og blítt
til mín og músanna
sem sofa sætt
á risastóra rauða rúminu
og hrjóta hástöfum.

Where do I belong? I ask myself tonight.
I find no answer and that gives me a fright.
Do I really know myself at all?
Am I someone who should stand tall?

Or am I merely a leaf on a tree?
Where can I go and where can I be?
Am I worth anything at all?
I wish, in this world, I were not so small.

Við húsið

Á þakskeggi hússins vaxa
glærir þyrnar,
sumir vísa inn, inn af dimmustu hlutum
huga míns
jafnvel alla leið inn að litla risherberginu
þar sem minningin um þig er geymd
vandlega...
að eilífu.

Akureyri:

Hver á tíkina Tínu?

Á laugardagskvöldið glefsaði tík í andlit tveggja ára gamals stráks fyrir framan stórmarkað KEA á Byggðavegi.

Strákurinn var í fylgd með mömmu sinni. Á meðan móðirin var að versla í lúgunni lét strákurinn vel að tík sem þarna var í fylgd unglingsstúlku. Tíkin var ekki alveg sátt við blíðuhót stráks og glefsaði í andlit hans.

Móður drengsins varð svo mikið um þetta að hún fór beina leið heim með strákinn. Meiðsl hans reyndust ekki alvarleg.

En nú vill rannsóknarlögreglan á Akureyri hafa tal af eiganda tíkurinnar en hún mun gegna nafninu Tína.

BB.

Hver á tíkina Tínu
sem glefsaði í tveggja ára dreng,
fyrir framan KEA á Byggðavegi?
Ég spyr? (Rannsóknarlögreglan
vill nebbnilega hafa tal af
eigandanum).

Afleiðing af

sjàlfsmorðspælingum

ég gekk út í skóg einn dag
allsstaðar sá ég dauðann,
mosagróinn trjástofn,
brún haustlauf
svífandi niður af tregafullum greinum,
trén voru hægt og hægt að skreppa saman
af ótta við veturinn

en ég fann ekki til með þeim
því síðan þú fórst
hefur veturinn búið innra með mér,
ég settist á fallin trjábol
horfði á daginn líða hjá,
ég var að hugsa um að fylgja þér
en hætti svo við,
ég þorði því ekki,
allir halda að það sé auðveldasta leiðin
en hún er það alls ekki,

sjáðu tunglið gægjast yfir skóginn,
það kastar blárri birtu á allt,
blátt
eins og vatnið, djúpið
þangað sem þú fórst

Gleði

Myrkur glampinn á götum næturinnar,
geislar af dýrum perlum sálarinnar.
Dáleidd börn í grámanum glötuð, týnd,
gapandi tóftir tárum brunnar kinnar.
Eldarnir kulna, æsku raddir þýðar
einungis bergmál löngu gleymdrar tíðar
í veröld sem ekki er gefin, aðeins sýnd.
Andlit með grímur glansandi og fríðar.
Grímurnar falla. Fegurðin litum rúin,
í fannhvítri birtu ljótleikinn öfugsnúinn,
er afhjúpuð. Náðhús náum krýnd,
Nóttin er köld og draumur þeirra búinn.

Í líffræðitíma

Stafirnir skella á töfluna,
Samvafðir, bergnumdir,
smáir sem stórir
berjast þeir
við skilningsleysi mitt.

24. des?

Jólin koma,
með tákn sakleysisins
litla Jesú barnið.
Hvað eru margir
sem finna gjöfina,
í þessum skrautlegu umbúðum?

Í myrkrinu

Þú liggur og sefur
ég vaki...
Mig langar til að:
þú horfir á mig,
fyllist þrá,
takir utanum mig,
haldir fast...

...ég ligg andvaka í myrkrinu.
- Full af eigingjörnum draumum
sem ekki rætast.

Stakar stökur

Fallegt er fallið laufið
fölnað í gjólunni.
Ekki er öllum gefið
ofgnógt af sólinni.

Sumum er sorgin ætluð.
Söknuði æ valda.
Gleði mér öll er glötuð.
Geng ég veginn kalda.

Líf

Þú
lifir aðeins
í ímynduðum
draumi
sinnisveiks skálds.

Ekki einu sinni
myrkur
tómlegra minninga
megna að koma
þér þaðan

Skriftir

Frjó hugsun
tjáning opin
bæn andans
draumur upplokinn
blakknar minning
fráhvarf frá tíma
endalok alls
neitun er staðreynd.

Ég sé tignarlegan hest
hlaupa um sléttuna,
ljóst faxið flaksast til
í vindinum,
mig langar að lokka hann til mín,
gefa honum sykur, strjúka honum,
og þegar hann er orðin gæfur
vil ég þeysast á honum
um sléttuna,
villt...

Seinna ætla ég að temja hann,
kenna honum eitthvað skemmtilegt,
njóta þess að leika mér með honum,
láta vel að honum,
kemba honum,
annast hann,
elska hann....

Í FJÖRU

Steinn - lítill steinn- klýfur loftið á miklum hraða, stefnir að ákveðnu marki, sem ekki er langt undan. Markið er lítill hnöttur, hnöttur með dökkt hár í staðin fyrir lönd og höf. Steinninn nær áfangastað og sprengir hnöttinn. Úr iðrum hans spýtist vökvi, rauður vökvi, sem rennur niður og blandast dökku hárinu. Nístandi sársauki heltekur lítinn líkama, tárafljót flæðir niður bústnar kinnar, raddbönd þenjast til hins ýtrasta og springa að lokum. Sársaukahróp sleppur út og svífur inn í hlustir nærstaddra. Lítil hönd grípur um sprunguna og reynir að loka henni en vökvinn rauði heldur áfram að renna.

Lítill grátandi drengur stendur upp af fjörusteini og hleypur af stað. Hleypur svo fjörusteinarnir tætast upp í kjölfar hans. Grætur, grætur þjáningu særðra manna allra tíma. Hleypur heim til mömmu, góðu mömmu sem getur allt, veit allt, huggar,græðir og er góð, bestu mömmu í heimi. Hann kastar sér í faðm hennar og hún reynir að hugga hann og búa um sprunguna.

Einn koss frá góðu mömmu bætir allt.

Loksins...
Loksins kom sólin aftur
veturinn var svo kaldur
og ég svo einmana
fingur mínir dofnuðu
tærnar kólu
og hungrið skar mig að innan
ég fann dauðann hríslast um mig
en svo fann ég hlýja hönd strjúka
vanga minn
heitar hendur faðma mig og verma
ég opnaði augun
þetta var vorið...

Seinna baðaði svitinn andlit mitt
ég fækkaði fötum, en það gagnaði ekkert
ég var brennandi,
þorstinn varð óþolandi
ég fann dauðann læsast um mig
en svo fann ég svala hönd
strjúka vanga minn
og vatni var hellt milli vara minna
ég opnaði augun
þetta var haustið...

HUNDUR, KONA, EÐA HUNDKONA?

Ég fór út í búð í dag. Eða öllu heldur í kvöld, það var nefnilega búið að loka búðinni þegar ég kom. En sem betur fer er því þannig háttað með umrædda búð að þó búið sé að loka er samt afgreitt áfram fram á kvöld gegnum þar til gert op. (Og þar kemur ástæðan fyrir því að frásögninni er ekki lokið.)

Meðan ég stóð í biðröðinni framan við opið og beið eftir afgreiðslu, kom að kona nokkur og spurði afgreiðslustúlkuna hvort þarna fengist hundamatur, eða hvort aðeins væri seldur kattamatur í þessari búð. Afgreiðslustúlkan viðurkenndi að hundamatur fengist í búðinni, en þá fór konan aftast í röðina að bíða.

Ég hafði litið framan í konuna þegar hún kom fyrst, og tekið eftir að hún var ákaflega lík hundi í framan. Ég varð mjög hissa og raunar setti að mér hálfgerðan óhugnað, ég hef nefnilega aldrei fyrr séð svo hundslegt andlit á einni konu.

Þegar ég hafði lokið við að versla og var á leið frá búðinni gekk ég framhjá bíl. Þetta var mjög svo venjulegur bíll, að öðru leyti en því að í honum sat hundur. Að sjálfsögðu setti ég hundinn strax í samband við konuna. Hún hlaut að eiga hundin þó reyndar væri lítill svipur með þeim. (aðeins hundsleg bæði).

Á heimleiðinni íhugaði ég hvort konan væri raunverulega lík hundi og hundurinn þá ólíkur hundi. Eða var konan ekki lík hundi en hundurinn líkur hundi. Enn hef ég ekki komist að niðurstöðu og vegna þröngsýni minnar hefur mér ekki einu sinni dottið í hug þriðji möguleikinn:

Að konan og hundurinn séu bæði lík, hvort á sinn hátt.



Tindàtar

Lítill drengur
sat í herberginu sínu
og lék sér að tindátum,
stríðsleikur.

Unglingur
stóð við gluggann
horfði á hermennina,
"hetjurnar,"
ganga hjá.

Ungur maður
í nýjum búningi,
hermaður
á leið í stríð.

Hermaður
í bitrum bardaga,
hann var ekki hetja
aðeins tindáti,
leikfang valdasjúkra manna.

Þrá mín

Ég er
logandi sígaretta
í munnviki þínu
- því hægra -

þú slærð ösku
mína af mér
og hún hverfur
með vindinum.

Ég þrái að brenna,
brenna upp til agna
og verða að
eilífri ösku
sem svífur með vindinum.

Von

Í hægum straumi
líð ég í ómeginsátt.
Ekkert eftir nema
líðandi dagur.
Eldurinn lifir í öskunni
en líf mitt takmarkast
af eftirspurn.
Mín einlæga ósk er að það
gerist stórstreymt.

Óminnisfljótið:

Svart í augum þess blinda en tært
og svalandi þeim sem sér. Þar þvær hann
af sér syndir þess blinda. Hreinsar sárin undan
hvíta stafnum.

Óminnisfljótið:

Á sér uppsprettu í tilfinningu einhvers manns
sem hefur lagt hana frá sér í gáleysi.
Einhver annar hefur séð hana,
tekið og þvegið með henni af sér sína eigin.
Síðan koll af kolli þá komið er stórfljót,
sem vex og vex uns það kaffærir hæstu tinda.
Enginn byggir örk. Engum skal bjargað.
Tortíming verður ekki umflúin.

Dramb

Svo bar til laugardagsmorguninn 8. nóvember 1986 að einn félaga hinnar góðkunnu Vísna- og gleðimanna fylkingar steig upp af fleti sínu eftir talsvert commissatio kvöldið áður. Hóf hann þegar að skyggnast um fjárhirslur sínar, en þær reyndust galtómar sem aldrei fyrr. Varð félaganum þá á að tauta hálfur iðrunar í eigin barm:

Þurrausið við þjór ég hef
þína digru sjóði.
Fárastu' ei en fyrirgef
forni vinur góði.

Svo bar og aftur við (viku + ½ tíma), að tveir aðrir félagar úr undannefndri Fylkingu gerðust glaðvakandi og yfir sig bumbumult af há-alvarlegheitum. Sátu þeir við borð eitt mikið hvítt, gerðust mótherjar með þanda

hnefa og rendu hug og gáfum sínum ógnþrungnum saman í sykur. Varð þá til úr því tækifæri eftirhljóðandi Aftansöngur í Búrabrag, Fuður hátt stubbhent, forskrýfð:

Aftansöngur

1. Kjartan í kjarri
kjafsar í Barry
eðlast og engjast
Ævar og Starri.
Böðlast og bryðjast
bandormur í karrý.

2. Þá kom maður.
Fuglinn flaug
fiðurlaus
vangalaus vitlaus
veggjalús.

3. Fló fuglurr
fiðurvana
vangalaus vitlaus
váhani.

4. Sá hann pöddu
sá fleiri
át hann pöddu
át fleiri.

5. Í blóði blindast
bleikrarósa
náfölur nár
neyð myndast.

6. Í svörtum náttkjólum sveiflast
sviðnir váhanar
hreðkum í milli hendast
hamsatólg bananar.

7.Fuglur fló
fiður dó
fjendur go
giggalagu
purr kurr púrr -
a pencilín
svefnbólgin Satan
systir mín.

Með hreinu og hálu
hjarta:
Vísna og Gleðimanna-
fylkingin.

Í klefa



Síðan þá
lokuð
inni í klefa
börnin þín
dóu
í klefa

Þú
sást þau leidd
á brott
grést
barðist
en komst ekki til þeirra

Einn dag
verður þú líka
leidd
úr klefa
til að deyja
í öðrum
klefa

Líf og ...

Ég,
fleinn í holdi lífsins
verð bráðum tekin út
og fleygt.

Sorg

Ég berst
fyrir vindi tilfinninga minna
eins og rifið lauf
á niðurleið.

Samleikur

- Allt -
- Við -
Allt sem við:
snertum
skynjum
hugsum

er tilbúningur okkar
og annarra.

Blekking.

Heimsókn (eða ástarjátning glataðs snillings)

Hún kom til mín
á bláum sykurhúðuðum
hrafnsvæng,
kyrtill hennar
var ofinn úr
mannsblóði,
"kom"
rödd hennar
minnti á
jarm í kind,
ég reis upp af
grjóthellunni minni
og fygldi henni.



- Og á fagurgrænum
fjöllunum í fjarska
stóðu litlir gulrauðir menn
og hlógu. -

Skòlaskàldin

Ljóð eftir unga menn
eru yfirleitt ljót,
og þess utan (með eindæmum)
leiðinleg á prenti.